

dætur og dvel ég nú hjá dóttur minni Sesselju Sóleyju að Suðurgötu 16 í Sandgerði. Hinar dætur mínar eru Guðrún Karlotta, Margrét Eiríka og Gotta Ása Ingibjörg, sem er yngst. Ég á Vestur-Stafnesið enn og ek þangað öðru hverju, því ég ek bý þótt gamall sé orðinn. Þetta er enda ekki langt að fara — um 5–10 mínútna akstur héðan frá Sandgerði. Þar held ég mig líka löngum að sumrinu.

Jafnan var margmennt hjá okkur að Vestur-Stafnesi og varla leið það sumar að ekki væru drengir í sumarvist hjá okkur. Þeir reru með mér á sjóinn, en allt til 1979 sótti ég sjó á sumrum á trillu sem ég átti og hét „Lundinn“. Oft byrjaði ég að róa síðvetrar eða í apríl.“

Tíðir skipsskaðar

„Skipsskaðar og sjóslys voru tíð hér um slóðir á æskuárum mínum og hef ég verið sex til tíu ára þegar breskur togari strandaði hér á Stafnesrifinu, sem orðið hefur skeinu-hætt mörgum skipum, og minnir mig að þessi togari hafi heitið Admiral Tokyo. Hann strandaði þarna um nótt að vetrarlagi, ég held snemma í febrúar, og veðrið var mjög vont, suðvestan rok og stórbylur. Allir sem vettlingi gátu valdið drifu sig niður að strandstaðnum, en veðrið var svo vont og myrkríð mikið að menn töldu sig rétt hafa séð bregða fyrir ljósi klukkan eitt til tvö um nóttina... Um morguninn var allt um garð gengið, enda feikna mikið flóð og sjór gekk „upp á grös“ eins og sagt var, eða mikið hærra en vant er. Er mér í barnsminni að þegar dagaði var ekkert sjáanlegt eftir af skipinu nema ketillinn. Um borð munu hafa verið þrettán manns, þar á meðal þrettán ára drengur, sonur skipstjórans. Þetta fréttist vegna þess að skipið hafði komið inn til Keflavíkur skömmu áður.

Við strákarnir gengum fjöruna þarna í grennd næstu daga og hvarvetna gat að líta sprek úr brúnni og fleira, en allt sundurkubbað eftir brimganginn. Þó vakti það furðu manna að lífbátinn rak lítt skemmdan á land norðanvert við þann stað



Sigurbjörn Metúsalemsson á yngri árum ásamt konu sinni Júlíu Jónsdóttur. Hún heldur á elstu dóttur þeirra, Guðrúnu Karlottu.



þar sem Stafnesvitninn stendur núna. Að vísu var á bátnum gat. En þetta sannaði að áhöfnin hafði komið honum á flot í von um að einhverjir fengju bjargast á honum. En enginn komst af og ekkert lík rak, enda háttar því svo til þarna við Stafnesrifid að þar eru djúpir álar sem skila engu. Fleiri slysum man ég eftir eins og þegar Hafnarfjarðarbáturinn „Ása“ fórst, tveimur eða þremur árum eftir að ég byrjaði að róa. Í Hala-veðrinu 1925 fórst svo útilegubáturinn „Sölví“ þarna. Ekkert lík rak af þessum bátum heldur, enda höfðu menn sjaldnast björgunarbelti. Loks hafði kúttur „Sigríður“ strandað þarna nokkrum árum áður, en í góðu veðri og björguðust allir af henni.“

Barið á glugga um nótt

„En mesta slysið og það minnstæðasta er það þegar togarinn „Jón forseti“ fórst þarna 28. febrúar 1928.

Ég frétti þannig af strandinu að um kvöldið hafði ég verið ásamt öðrum manni, sem var útgerðarmaður, á bæ úti í Hvalsneshverfi þar sem systir hans bjó. Við komum seint heim að Litla Bæ og ég var rétt um það bil að sofna þegar bankað er á gluggann: Þar var þá kominn Sigfús heitinn Þorsteinsson frá Hólakoti, en hann hafði orðið fyrstur manna til þess að

verða var við strandið. Atvikaðist það þannig að hann heyrði eimpípublástur og sá skotið upp neyðarblysi frá Stafnesrifinu. Var þegar farið að vekja upp á næstu bæjum og einnig var maður sendur til Sandgerðis eftir hjálp.

Menn hröðuðu sér vitaskuld á strandstaðinn og kom þá í ljós að togarinn, sem menn ekki báru kennsl á í fyrstu, hafði strandað nærri þeim stað þar sem enski togarinn hafði strandað þegar ég var barn, en þó töluvert norðar, nær landi og á talsvert „betri“ stað, ef svo má segja. Hann hafði strandað á svonefndri Kolaflúð, en sá enski hafði strandað á sjálfum „Rifshausnum“ sem var langtum vonlausari staður. Fyrir innan Kolaflúðina er djúpur áll, en við landið klappir og stórgrýtisurð.

Veður var þannig að sunnankaldi var á og gekk á með hryðjum. Ekki var viðlit að fara af stað á báti meðan myrkt var, enda fjara í ofanálag og svo aðgrunnt að ekki var viðlit að aðhafast neitt fyrr en birti og byrjaði að falla að. Sæta þurfti lagi því þegar meir félli að vissum við að brimið gerði björgun nær ókleifa. En þegar í birtingu tókum við að setja „Sigurfara“ niður, en hann stóð uppi í svonefndum Skiphólma sem er nokkru fyrir sunnan vitann. Tók það drjúgan tíma.